

(B. IV, 1).

**Nd.**

## **26. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 28, 3. nóv. 1915.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

### 1. gr.

Fyrri málsgrein 23. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, skal vera sem hjer segir: Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skulu þær hefjast sama dag um land alt, hinn fyrsta dag vetrar. Skulu þær standa yfir fullar tólf stundir í bæjum, en fulla þrjá sólarhringa í sveitum.

### 2. gr.

27. gr. laganna skal vera svo:

Einni stundu fyrir hádegi skal kjörfundur hafinn, og skulu þá kjörstjórar allir vera komnir á kjörstað. Nú eru nokkrir þeirra ókomnir, og kveðja þá hinir kjörstjórnarnir mann eða menn úr flokki kjósenda til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti, þótt hinir komi síðar.

### 3. gr.

38. gr. laganna skal hljóða svo:

Atkvæðagreiðslu má eigi slita í bæjum fyr en tólf stundir eru liðnar frá upphafi hennar, og eigi í sveitum fyr en þrjár sólarhringar eru liðnar frá því er hún hófst, nema allir kjósendur hafi neytt atkvæðisrjettar, þeir sem á kjörskrá eru.

Þá er allir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn þeirra atkvæði, á sama hátt sem aðrir kjósendur, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í fyrri málsgrein 37. gr., og þeim fengnir nýir seðlar til að greiða atkvæði á, meðan seðlar endast. Í sveitum má þó láta þessa kjósendur greiða fyr atkvæði en hjer var sagt, ef nauðsyn krefur, að þeir geti farið ferða sinna, og aldrei síðar en að kveldi þess dags er þeir komu til kjörstaðar.

### 4. gr.

Þá er lög þessi hafa fengið staðfesting konungs, skal færa breytingar þessar inn í lög nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, og gefur konungur þau síðan út í samfeldri heild.

### Greinargerð.

Rjettlatur löggjafi veitir eigi mönnum dýrustu rjettindi þeirra með þeim hætti, að þeir eigi engan kost á að neyta þeirra. En svo eru þó lög vor nú. Fyrir því er þessi breyting nú borin fram, í samræmi við ósk, vilja og þörf allra kjósenda í landinu.

Frumvarp þetta flutti jeg áður á Alþingi 1921 og á Alþingi 1923, og fylgdi því þá samhljóða greinargerð.